

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Stefán Pétursson héraðsdómslögmaður.

Gerðarþoli er mættur og með honum Hjörtur Torfason héraðsdómslögmaður.

.....

Rétturinn var fluttur að húsinu Melavöllum við Rauðagerði, og lýsti fógæti þar yfir fjárnámi í fasteign þeirri Viðstaddur var Hjörtur Torfason héraðsdómslögmaður fyrir gerðarþola, og er honum kunn þýðing fjárnámsins.

Þá var rétturinn fluttur í húsið Dalbæ í Blesugróf.

Fógæti lýsti yfir fjárnámi í húseigninni Dalbæ, og er Hirti Torfasyni héraðsdómslögmanni, umboðsmanni gerðarþola, kunn þýðing þess.

Laugardaginn 20. júní 1964.

Nr. 104/1964. **Málmey h/f**

gegn

**Árna Gunnlaugssyni, Emil Eyjólfssyni,
Guðmundi Guðmundssyni, Gunnari Gunn-
arssyni, Ingimundi Sigurjónssyni, Sigurði
Þorsteinssyni og Sæmundi Ágústssyni.**

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson
og Jónatan Hallvarðsson og prófessorarnir Ármann Snævarr
og Magnús Þ. Torfason.

Kærumál. Krafa um lausn skips úr
vörzlu uppboðshaldara.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, er borizt hafði sýslumanninum í Gullbringu-
og Kjósarsýslu hinn 10. júní 1964, hefur sóknaraðili kært
mál þetta til Hæstaréttar og krafizt þess, að hinn kærði
úrskurður verði felldur úr gildi og að bann við afhendingu
v/b Málmeyjar, SK 7, úr dráttarbraut Drafnar h/f verði
af létt. Svo krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi
varnaraðilja in solidum.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Sóknaraðili hefur með því að koma ekki fyrir dóm í héraði í málum varnaraðilja gegn honum og síðan með því að áfrýja dómum í þeim málum og fjárnámsgerðum samkvæmt þeim og krefjast frests til októbermánaðar 1964 valdið því, að fullnaðarlyktir á málum varnaraðilja gegn honum hafa tafizt að óþörfu. Þykir hann því ekki eiga rétt til þess, eins og hér stendur á, að fá v/b Málmey í sínar vörzlur gegn andmælum varnaraðilja, nema hann setji þeim þá tryggingu fyrir dómkröfum þeirra, sem uppboðshaldari metur hæfilega.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 15.000.00.

Dómsorð:

Rétt er uppboðshaldara að létta af banni við afhendingu v/b Málmeyjar, SK 7, til sóknaraðilja, Málmeyjar h/f, gegn þeirri tryggingu, sem hann metur hæfilega fyrir dómkröfum varnaraðilja, Árna Gunnlaugssonar, Emils Eyjólfssonar, Guðmundar Guðmundssonar, Gunnars Gunnarssonar, Ingimundar Sigurjónssonar, Sigurðar Þorsteinssonar og Sæmundar Ágústssonar.

Sóknaraðili greiði varnaraðiljum kærumálskostnað, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsdóms Hafnarfjarðar 3. júní 1964.

Ár 1964, miðvikudag 3. júní, var í uppboðsrétti Hafnarfjarðar, sem haldinn var á skrifstofu embættisins af Birni Sveinbjörns-son, settum bæjarfógeta, kveðinn upp úrskurður í uppboðsmálinu: Árni Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður o. fl. gegn Málmey h/f, sem tekið var til úrskurðar í gær.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi til bæjarfógetans á Sauðárkróki, dags. 2. maí 1963, krafðist Sparisjóður Sauðárkróks þess, að v/b Málmey, GK 7, eign Málmeyjar h/f, yrði seldur á nauðungaruppboði til lúkn-ingar veðskuld, að eftirstöðvum kr. 380.000.00, auk vaxta og kostnaðar samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 6. nóvember 1962, tryggðu með 6. veðrétti í nefndum vélbáti.

Með bréfi, dags. 7. maí 1963, krafðist Fiskveiðasjóður Íslands nauðungaruppboðs á sama vélbáti til lúkn-ingar eftirstöðvum veðskuldar, að upphæð kr. 116.000.00, auk vaxta og kostnaðar samkvæmt skuldabréfi, útgefnu 23. marz 1961, tryggðu með 1. veðrétti í vélbátnum. Var þess óskað, að uppboð yrði haldið í skrifstofu embættisins samkvæmt heimild í 4. mgr. 11. gr. laga nr. 40/1955. Samkvæmt þessu auglýsti bæjarfógetinn nauðungar-uppboð á v/b Málmey, SK 7, og birtist auglýsing í Lögbirtinga-blaðinu á venjulegan hátt.

Var nauðungaruppboðið síðan tekið fyrir í uppboðsrétti Sauð-árkróks, er settur var á skrifstofu embættisins 11. október s.l. Ekki verður séð, að neinar athugasemdir hafi verið gerðar við uppboðsheimildir eða uppboðsskilmála. Uppboðinu var þá með samkomulagi aðilja frestað til 25. október og síðan koll af kolli til 7. marz 1964.

Á því tímabili höfðu ýmsir aðiljar krafizt þess að ganga inn í uppboðið samkvæmt ýmsum uppboðsheimildum, þar á meðal Árni Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður fyrir sína hönd og 7 annarra fjárnámshafa samkvæmt jafnmörgum dómum til stað-festingar sjóveðréttarkröfum þeirra.

Eru aðiljar þessir og kröfur þeirra auk kostnaðar og vaxta sem hér segir: Ingimundur Sigurjónsson skipstjóri kr. 81.669.47, Sigurður Þorsteinsson stýrimaður kr. 54.846.33, Árni Gunnlaugs-son kr. 54.846.33, Sæmundur Ágústsson kr. 13.711.71, Gunnar Gunnarsson kr. 7.678.00, Guðmundur Guðmundsson kr. 7.177.74, Emil Eyjólfsson kr. 12.677.74 og Þorvaldur Karlsson kr. 9.330.00.

Hafði hann lagt fram nefndar uppboðsheimildir á uppboðs-þingi 19. febrúar s.l. Þá höfðu bæði Fiskveiðasjóður Íslands og Sparisjóður Sauðárkróks afturkallað uppboðsbeiðnir sínar.

Á uppboðsþingi 7. marz var samþykkt að flytja uppboðið til Hafnarfjarðar, þar sem vélbáturinn var í slipp, og skyldi því lokið við skipið 17. marz kl. 1100 árdegis.

Á uppboðsþingi þann dag lagði Guðjón Steingrímsson hæsta-réttarlögmaður, umboðsmaður uppboðspola, Málmeyjar h/f, fram áfrýjunarstefnur á öllum dómum og fjárnámum nefndra 8 sjó-

veðréttarhafa og krafðist frestunar á uppboðinu. Einnig mótmælti hann framgangi uppboðsins á þessum stað, þar sem það hefði ekki verið auglýst í Lögbirtingablaðinu til sölu á þessum stað.

Árni Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður krafðist þess fyrir sína hönd og umbjóðenda sinna, að uppboðið færi fram. Að uppkveðnum úrskurði um þetta efni, var uppboðinu frestað koll af kolli, síðast til 4. september n.k.

Með bréfi, dags. 9. marz 1964, tilkynnti uppboðshaldarinn í Hafnarfirði Einari Karli Magnússyni, forstjóra Málmeys h/f, að hann hefði samkvæmt beiðni bæjarfógetans á Sauðárkróki tekið vélbátinn Málmey í sínar vörzlur, þar sem hann væri í Skipasmíðastöð Drafnar h/f. Væri ástæðan sú, að báturinn ætti að seljast á uppboðinu 17. sama mánaðar.

Samkvæmt kröfu Árna Gunnlaugssonar hæstaréttarlögmanns tilkynnti uppboðshaldari á uppboðsþinginu 17. marz forstjóra skipasmíðastöðvarinnar með tilvísun til 47. og 49. gr. aðfararlaga nr. 19/1887, að ekki mætti afhenda v/b Málmey, nema með samþykki uppboðsréttar.

Með bréfi, dags. 25. f. m., krafðist Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður þess fyrir hönd uppboðspola, að fellt yrði úr gildi fyrrgreint bann við afhendingu vélbátsins, þar sem uppboðinu hefði verið frestað þar til í september, en uppboðsheimildum uppboðsbeiðenda, Árna Gunnlaugssonar og skjólstæðinga hans, áfrýjað. Ágreiningsefni þetta var með hliðsjón af 5. gr. laga nr. 57/1949 um uppboð tekið fyrir í uppboðsrétti og aðiljum uppboðsmálsins gefinn kostur á að mæta við þinghald og tjá sig um kröfu uppboðspola. Árni Gunnlaugsson hæstaréttarlögmaður mótmælti kröfu uppboðspola fyrir sína hönd og skjólstæðinga sinna, nema Þorvalds Karlssonar. Aðrir aðiljar málsins hafa ekki talið ástæðu til afskipta.

Ágreiningsefnið var tekið til úrskurðar, að loknum munnlegum málflutningi í gær.

Kröfur uppboðspola eru, eins og fyrr segir, þær, að fellt verði úr gildi bann réttarins við afhendingu v/b Málmeys.

Kröfur uppboðsbeiðenda eru þær, að kröfu uppboðspola verði hrundið. Jafnframt er þess krafizt aðallega, að varzla uppboðsréttar á v/b Málmey haldi áfram, unz umbeðin uppboðssala fer fram, en til vara, að uppboðshaldari geri nauðsynlegar ráðstafanir til geymslu skipsins á kostnað uppboðspola, unz uppboðssala fer fram, og til þrautavara, að uppboðsbeiðendum, hon-

um og fyrrnefndum skjólstæðingum hans, verði fengin varzla skipsins gegn tryggingu, ef úrskurðuð yrdi.

Báðir aðiljar hafa krafizt málskostnaðar úr hendi hins.

Uppboðspoli styður kröfu sína þeim rökum, að ástæður þær, sem kunna að hafa verið fyrir hendi áður og þá leitt til þess, að réttmætt væri að stöðva skipið, séu ekki lengur til staðar, þar sem uppboðinu hafi verið frestað til september n.k. og uppboðsheimildum Árna Gunnlaugssonar og skjólstæðinga hans hafi verið áfrýjað og komi ekki fyrir í Hæstarétti fyrr en í október n.k. Hann hefur mótmælt því, að skipið sé nú eða hafi verið í vörzlum uppboðsréttarins. Þá hefur hann og skýrt frá því, að skipið væri tilbúið til humarveiða og búið að ráða á það skipstjóra og áhöfn.

Af hálfu uppboðsbeiðenda er því haldið fram, að sama skylda hvíli á uppboðshaldara nú og þá er vörzluskiptin voru ákveðin að halda skipinu í vörzlu uppboðsréttar. Uppboðsbeiðendur eigi ekki að þurfa að þola skerðingu á réttarvernd fyrir kröfur sínar, þótt réttarleyfi valdi drætti á úrslitum áfrýjunarmála. Hagsmunum þeirra væri stefnt í fullkomna tvísýnu, ef skipinu væri sleppt lausu, bæði vegna hættu á skemmdum svo og því, að nýjar sjóveðskröfur gætu fallið á það, sem gengju fyrir kröfum þeirra. Loks beri að tryggja nærveru skipsins á uppboðsstað.

Samkvæmt 49. gr. laga nr. 19/1887 um aðför hefur skuldunautur ekki rétt til að hafa í vörzlum sínum lausafé, sem fjárnámi hefur verið tekið, nema skuldunautur setji viðunanlega tryggingu fyrir því, að það varðveitist hjá honum óskert. Trygging hefur ekki verið framboðin af uppboðspola, önnur en skipið sjálft. Rétt þykir að taka fram, að telja verður skip lausafé í þessu sambandi. Fallast verður á þau rök uppboðsbeiðenda, að hagsmunum þeirra geti orðið stefnt í tvísýnu, ef skipinu yrði sleppt lausu. Að vísu eru uppboðsheimildir uppboðsbeiðenda óvirkar fyrst um sinn vegna áfrýjunar, en aðfararveð þeirra hvílir áfram á skipinu. Á það ber að líta, að greiðsludráttur er orðinn mikill á kröfum uppboðsbeiðenda, og uppboði hefur verið frestað fyrir tilstilli uppboðspola um óvenjulangan tíma. Þykir ekki rétt, að uppboðsbeiðendur þurfi að bera halla af því, framar en nauðsynlegt er.

Í niðurlagi 47. gr. aðfararlaganna er kveðið svo á, að fógeta sé skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til geymslu á fjárnumdum munum á kostnað dómfellda, þegar hvorugur aðilja tekur þá til geymslu. Nú er svo ástatt, að nefndur vélbátur er

í slipp hjá Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, hér í bæ, sem hefur haldsrétt í bátum vegna viðgerðarkostnaðar o. fl.

Verður niðurstaða máls þessa því sú, að krafa uppboðspola um, að bann við afhendingu bátsins verði úr gildi felld, verður ekki tekin til greina, og báturinn verður áfram í geymslu hjá skipasmíðastöðinni.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Krafa uppboðspola um, að bann við afhendingu v/b Málmeyjar, SK 7, verði felld niður, verður ekki tekin til greina.

Priðjudaginn 23. júní 1964.

Nr. 13/1963. **Hreppsnefnd Kolbeinsstaðahrepps
f. h. hreppsins (Örn Þór hdl.)**

gegn

**Sigurði Sigurbergssyni og dánarbúi Krist-
jáns Einarssonar (Stefán Pétursson hdl.).**

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómarnir Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessorarnir Ármann Snævarr og Magnús P. Torfason og Einar Arnalds yfirbergardómari.

Landamerkjамál. Veiðiréttindi.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1963 og gert þessar dómkröfur:

Aðalkrafa, að landamerki jarðanna Hitardalsvalla og Moldbrekku verði ákveðin þannig: Fjallsbrún Fagraskógarfjalls ráði ofan í hátind Grettisbælis, og þaðan ráði lína eftir melhrygg, eins og vötnum hallar, niður að Mósteinum ofanvert við forna ferðamannavaðið við Hitará.

Varakrafa, að landamerkjum frá hátindi Grettisbælis að Mósteinum ráði bein lína.

Þá verði kveðið á um það í dómi, að eigandi veiðirétt-